



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2009

**Umsögn um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 289. mál.**


Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar frumvarp um tímabundna hækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði á byggingastað. Í byrjun vetrar lögðu Samtök iðnaðarins og Samiðn sameiginlega til við fjármálaráðuneytið að gripið yrði til ráðstafana líkt og þeirra sem nú er gert.

Samtökin fagna frumvarpinu og styðja það.

Tilgangur þessarar lagasetningar er að sönnu góður, en við þær aðstæður sem nú eru í atvinnulífinu er í senn brýnt að hvetja til aukinnar starfsemi á byggingamarkaði og þá ekki síður að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi. Með auknu atvinnuleysi vex enn frekar þrýstingur á svarta atvinnustarfsemi. Láta SI sig miklu varða að berjast gegn svartri atvinnustarfsemi. Hafa þau staðið fyrir auglýsinga- og upplýsingaherferð gegn svartri atvinnustarfsemi á árunum 2000 og 2001. Vilji stendur til að taka upp þá baráttu á ný og verður þá litið til jákvæðrar reynslu Norðmanna af sambærilegu átaki.

Í tillögugerð SI og Samiðnar til fjármálaráðuneytis sem fyrr er getið, er einnig tillaga um að virðisaukaskattur af vinnu við annað húsnæði en íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélaga falli einnig undir sömu reglur um endurgreiðslu. Í gildandi regluverki um endurgreiðslu VSK er einungis litið til íbúðarhúsnæðis og er frumvarpinu ekki ætlað að breyta því. Gildir regluverkið jafnt um einstaklinga og sveitarfélög, en einungis við vinnu við íbúðarhúsnæðis.

Til þess að auka enn frekar jákvæð áhrif framkvæmda sveitarfélaganna á framboð af vinnu er lagt til að frumvarpinu verði breytt og sveitarfélögum verði líka gert mögulegt að fá endurgreiddan VSK af vinnu við aðrar fasteignir í þeirra eigu.

Samtök iðnaðarins,  
  
Árni Jóhannsson